

## GJALDSKRÁ

### Fasteignamats ríkisins fyrir upplýsingar úr Landskrá fasteigna o.fl.

#### 1. gr.

##### *Almennt gjald.*

Verð fyrir upplýsingar úr Landskrá fasteigna er tvíþætt:

- a) Grunngjald.
  - 10 kr. sveitarfélög greiði fyrir hverja matseiningu;
  - 25 kr. aðrir greiði fyrir hverja matseiningu.
- b) Viðbótargjald.
  - sveitarfélög greiði 0,0056% af heildarfasteignamati í sveitarfélaginu;
  - aðrir greiði 1% af þeim tekjum sem aflað er á grundvelli upplýsinga úr skránni.

Ef keypt eru fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera 10 kr. á matseiningu.

#### 2. gr.

##### *Sérvinnslur.*

- a) Stöðulistar.
  - 700 kr. grunngjald;
  - 25 kr. viðbótargjald á hverja matseiningu.
- b) Eignakönnunarlistar, í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
  - 700 kr. fyrir hverja kennitölu.
- c) Aðrar sérvinnslur.
  - 10.000 kr. byrjunargjald;
  - 4.500 kr. fyrir hverja klst. umfram þá fyrstu;
  - 2 kr. fyrir hvern útprentaðan límmiða.

#### 3. gr.

##### *Beinlínutengingar til uppflettinga á tölvuskjá.*

- a) Almennt leyfi.
  - 3.400 kr. á mánuði fyrir allt að 200 aðgerðir;
  - 14 kr. fyrir hverja aðgerð umfram það.
- b) Sérstakt leyfi, í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, svo og sérlög.
  - 3.400 kr. á mánuði fyrir hvern notanda;
  - 14 kr. fyrir hverja aðgerð umfram 200;
  - 700 kr. fyrir hvert skipti á hverja kennitölu.

#### 4. gr.

##### *Tímavinna.*

- a) 4.000 kr./klst. Sérfræðingur.
- b) 3.000 kr./klst. Matsfulltrúi.
- c) 2.000 kr./klst. Aðrir starfsmenn.

5. gr.

*Vottorð og ljósrit.*

- a) 300 kr. Vottorð úr Landskrá fasteigna.
- b) 1.000 kr. Vottorð úr Landskrá fasteigna á ensku eða dönsku.
- c) 100 kr. Ljósrit.
- d) 300 kr. Ljósrit úr Landskrá fasteigna.

6. gr.

*Upplýsingagjöf í gegnum síma.*

Heimilt er að taka gjald allt að 99,90 kr. á mínútu fyrir upplýsingar veittar í gegnum síma.

7. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 24. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 725/1998 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Björn Hafsteinsson.*